



Vinnureglur vegna ferðalaga og frestana m.flokka tímabilið 2025-2026

Mótanefnd hefur ákveðið að neðangreindar vinnureglur verði viðhafðar tímabilið 2024-2025. Annars vegar er varðar ferðalög meistaraflokksliða til og frá Vestmannaeyjum og hins vegar er varðar önnur ferðalög innanlands.

Félögum ber að skipuleggja ferðalög sín í samræmi við þessar vinnureglur. Þá skal mótastjóri HSI upplýstur v/ferðatilhögunar dómara.

Meginreglan er sú að ef fresta þarf leik vegna ófærðar skal hann fara fram daginn eftir og eigi síðar en 3 dögum fyrir næsta leik hjá heimaliðinu. Gildir þá einu hvað er langt í leik hjá útiliðinu.

Þó komi til frestunar á meistaraflokksleik, kallar það ekki sjálfkrafa á tilfærslu á öðrum meistaraflokksleikjum hjá sömu félögum.

Til nánari skýringa eru sett upp eftirfarandi dæmi:

Ferðalög til og frá Vestmannaeyjum.

1. Ákveði félag að sigla með Herjólfí í gegnum Landeyjarhöfn og samdægurs eru gerðar breytingar á áætlun þannig að ekki er siglt í tæka tíð fyrir leik er leiknum frestað fram til næsta dags. Félagi er þá skylt að sigla með Herjólfí daginn eftir eða samdægurs og gildir þá einu hvort hann siglir í Landeyjarhöfn eða Þorlákshöfn.
2. Ákveði félag að taka flug til Eyja og sé ófært í flug er leik frestað fram til næsta dags. Félagi er þá skylt að sigla með Herjólfí daginn eftir eða samdægurs og gildir þá einu hvort hann siglir í Landeyjarhöfn eða Þorlákshöfn.
3. Ákveði félag að sigla með Herjólfí og sé útgefið af Herjólfí að hann sigli frá Þorlákshöfn á leikdag er leik ekki frestað heldur ber félagi að mæta til leiks.
4. Í þeim tilvikum þar sem félag flýgur í leiki til Vestmannaeyja ber félögum að gera ráð fyrir því að dómara leiksins þurfi að ferðast með liðinu í leiki. Er þar reiknað með 2 sætum í deildakeppni og 3 í úrslitakeppni

Önnur ferðalög innanlands.

1. Ákveði félag að taka flug í leik og sé ófært í flug er leik frestað til næsta dags. Ef seinkun er á flugi skal leitast við að breyta leiktíma á fyrirhuguðum leikdegi ef hægt er – í samráði við mótastjóra HSI. Félagi er þá skylt að ferðast landleiðina daginn eftir.

Samstarfsaðilar Handknattleikssambands Íslands





2. Ákveði félag að keyra í leik en vegum er lokað af Vegagerðinni er leiknum frestað til næsta dags, ef vegir eru ekki opnaðir aftur á tilsettum tíma til að leika samdægurs.

Félög eru skyldug til að upplýsa mótastjóra HSÍ og andstæðing sinn um ferðamáta til að hægt sé að gera viðeigandi ráðstafnir ef kemur til frestunar.

Félög eru hvött til að fylgjast vel með veðurspám og gera viðeigandi ráðstafanir til að spila leiki á uppsettum leiktíma, til dæmis með því að flýta brottför eða velja annan ferðamáta ef þörf krefur.

Eiga þessar reglur við deildarleiki að síðustu tveimur umferðunum sem og bikarleiki fram að undanúrslitum.

Vinnureglur vegna frestana

Mótanefnd hefur ákveðið að neðangreindar vinnureglur vegna frestana meistaraflokks leikja verði viðhafðar tímabilið 2023-2024.

Meginreglan er sú að leikir aðalliðs og U-lið félags skulu ekki fara fram á sama degi. Komi til þess að HSÍ breyti leikdegi aðalliðs vegna t.d. óskar sjónvarpsrétthafa, Evrópuleikja eða landsleikja þannig að hann skarist á við leikdag U-liðs sama félags skal einnig fresta leik U-liðsins. Þetta gildir þó ekki þegar leik er frestað vegna veðurs eða ófærðar, þá skal leikur U-liðs fara fram á tilsettum tíma enda eru slíkar frestanir gerðar með litlum fyrirvara. Utan þessa gildir sú regla að ekki skal fresta leik til að koma öðrum leik fyrir.

Tilvik sem falla utan þessara vinnureglna mun mótanefnd meta sérstaklega.

Mótanefnd HSÍ

Samstarfsaðilar Handknattleikssambands Íslands

